**Skýrsla foreldraráðs fyrir skólaárið 2024-2025**

Í ár sátu fjórir foreldrar í foreldraráði og er það samrekið með foreldrafélaginu á þann hátt að sömu aðilar sitja í þeirri stjórn.
Í stjórn sitja: Fríða Björg Þorbjörnsdóttir, Karen Kristjánsdóttir, Kolbrún Hrönn Sigurþórsdóttir og María Björk Gunnarsdóttir.

Nú í vor fór leikskólastjóri vel yfir drög að skóladagatali næsta vetrar, fór yfir innra mat leikskólans og kynnti starfsáætlun næsta árs. Foreldraráð gerir ekki athugasemdir við starfsáætlun né skóladagatal.

Þá tekur foreldraráð undir þær niðurstöður úr innra matinu sem snéru að athugasemdum um útisvæði sem gæti verið meira aðlagandi og fer það á umbótaáætlun leikskólans eins og í fyrra. En heilt yfir var almenn ánægja með starf leikskólans á meðal foreldra.

Leikskólinn á vona á 1 miljón kr. styrk frá Kvenfélaginu Einingu ásamt peningaupphæð frá Kvenfélaginu Lóu. Leikskólinn ætlar að nýta þessar upphæðir í að kaupa gróðurhús sem staðsett verður á lóð leikskólans.  Óskar leikskólinn eftir því að foreldraráði verði með í að styrkja þetta verkefni með einhverjum verkfærum, pottum, slöngum o.þ.h. sem að var samþykkt einróma.

Fyrir hönd foreldraráðs,
María Björk Gunnarsdóttir